



# STEFNA 2030

---

Samþykkt af stjórn  
Nordisk Energiforskning  
4. júní 2024



# Stefna 2030

## Við erum norræna orkustofnunin

Nordisk Energiforsking (Norrænar Orkurannsóknir) er norræn stofnun um sameiginlegar orkurannsóknir og stefnumótun sem byggir á rannsóknum og heyrir undir Norrænu ráðherranefndina.

Starfssvið okkar er orkumál, sem er einn hluti af formlegu norrænu samstarfi við aðrar norrænar og innlendar stofnanir og samstarfsstofnanir.

Við stuðlum að sameiginlegri hæfniuppbyggingu og þekkingarmiðlun með fjármögnun samstarfsrannsókna og greininga á sviði orkumála, hreyfanleika rannsakernda og tengslaneta, sem og með því að skapa fundarstaði og efla milliríkjasamstarf og efla þar með innlend frumkvæði.

## Norræn sýn 2030 er okkar leiðarstjarna

Norðurlöndin munu verða sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi. Það er sameiginleg framtíðarsýn Norðurlandanna fyrir 2030, sem er leiðarstjarna stefnunnar 2030 fyrir Nordisk Energiforsking.

Stefna Nordisk Energiforsking beinist að því hvernig við getum lagt okkar af mörkum til að leysa áskoranir innan þeirra grænu orkuskipta sem hvað best eru leyst í norrænu samstarfi, þar sem viðurkennt er að sameiginleg þekkingarsköpun og skilvirk græn umskipti með öruggri, hagkvæmri og hreinni orku eru grundvallaratriði í framkvæmd Framtíðarsýnar 2030.

## Við viljum efla græn umskipti með norrænu orkusamstarfi

Til að styðja við Norræna Framtíðarsýn 2030 er markmið Nordisk Energiforsking að **skapa þekkingargrundvöll fyrir stefnumótendur og orkugeirann til að leiða umskiptin** í átt að sjálfbæru og samþættu svæði.

Með því að taka höndum saman í orkurannsóknum, orkusamstarfi og upplýsingafræðslu eru auðlindir nýttar og áhrif niðurstaðna aukast. Með samstarfi munum við auka virði og hafa áhrif á umskipti Norðurlandanna. Við munum stuðla að auknu orkuöryggi og auðvelda viðskiptatækifæri á nýjum og endurnýjuðum sviðum á alþjóðamarkaði sem og að auka áhrif innan ESB og á heimsvísu.



## Stefnumarkmið 2030

Nordisk Energiforsking munu stuðla að grænum orkuskiptum með því að skipta samfélagslegum áskorunum niður í smærri orkutengd sjónarhorn þar sem hægt er að ná fram mestum áhrifum með samvinnu.

Fram til ársins 2030 munu Nordisk Energiforsking leggja áherslu á þrjú stefnumarkandi svið: **Aukin sjálfbærni og orkuöryggi, aukið norrænt samstarf um orku og þekkingu, og styrk í alþjóðlegu orkusamstarfi.**



### Aukin sjálfbærni og orkuöryggi

Norðurlöndin hafa forvirka orkustefnu og mikinn metnað í loftslagsmálum fyrir græn umskipti. Öruggt framboð sjálfbærrar orku á viðráðanlegu verði eru lykilmarkmið fyrir hvert land og fyrir Norðurlöndin í heild sinni.

Stefnumörkun okkar á sviði sjálfbærni og orkuöryggis fyrir Norðurlöndin er að árið 2030 muni starf okkar hafa stuðlað að:

- Bættri samvinnu og þekkingarmiðlun um sjálfbæra orku,
- Aukinni áherslu á mikilvægi þess að endurskapa orkuinnviði,
- Þekkingu á hvernig hægt er að ná fram inngildum og sanngjörnum orkuskiptum,
- Öruggari, efnahagslegri og umhverfisvænni orkuskiptum,
- Aukinni sjálfbærari nýtingu auðlinda.



## Aukið norrænt samstarf um orku og þekkingu

Norðurlöndin búa yfir þeirri mikilvægu rannsóknar- og nýsköpunargetu sem þarf til að vera í fararbroddi í þróun verðmætakeðju orku framtíðarinnar og nýrrar grænnar tækni.

Stefnumarkmið okkar um að efla norrænt samstarf og þekkingu eru að starf okkar fyrir árið 2030 muni hafa stuðlað að:

- Uppbyggingu mikilvægs þekkingar- og rannsóknarsamstarfs þvert á löndin,
- Auknum hreyfanleika rannsakenda og tengslaneta milli landanna,
- Þróun styrkleika í stefnumótandi hlutum verðmætakeðjunnar fyrir nýjar orkulausnir og tækni,
- Stuðningi við samspil rannsóknarumhverfis, yfirvalda og fyrirtækja.

## Styrkur í alþjóðlegu orkusamstarfi

Með því að sameinast í orkurannsóknum og -samstarfi getum við styrkt samkeppnishæfni og samvinnu svæðisins í tengslum við ESB/EES lönd, grannsvæði okkar, þ.e. Eystrasaltssvæðið og grannsvæði á norðurslóðum, sem og annars staðar í heiminum.

Stefnumarkmið okkar um styrk í alþjóðlegu orkusamstarfi eru að starf okkar fyrir 2030 muni hafa stuðlað að:

- Eflingu samstarfs Eystrasaltslanda og Norðurlanda í orkumálum,
- Þróun sjálfbærra orkulausna á norðurslóðum ásamt öðrum löndum við Norður-Atlantshaf,
- Aukinni rannsóknarþátttöku í orkurannsóknáætlunum ESB,
- Mögulegu samstarfi um þróun og framkvæmd reglugerða ESB/EES,
- Kynningu norrænna styrkleika á alþjóðlegum vettvangi.



## Verkfæri okkar og nálganir

Nordisk Energiforsking vinna þvert á stefnu, rannsóknir og iðnað og við þurfum fjölmörg verkfæri og aðferðir til að standa við markmið okkar og koma stefnumarkmiðum okkar á framfæri.

Til að auðvelda norræna rannsóknasamstarfið munum við:

- Hefja og tryggja fjármögnun norrænna áætlana um orkurannsóknir,
- Auðvelda og styðja við skiptiáætlanir og tengslanet milli rannsakenda,
- Hafa umsjón með áköllum í sameiginlegar rannsóknaráætlanir ESB og styðja norrænt samstarf, þátttöku og hagsmuni í rannsóknaráætlunum ESB.

Greiða fyrir formlegu samstarfi norrænu ríkisstjórnanna innan markmiða Norrænu ráðherranefndarinnar:

- Starfa sem skrifstofa fyrir norræna milliríkjavinnu og tengslanet,
- Starfa sem stjórnarsýslustofnun orkutengdra rannsókna og rannsóknarverkefna,
- Styðja Norrænu ráðherranefndina, skrifstofu hennar, ráð og nefndir.

Auk þess bjóðum við upp á þekkingargrunn í formi greininga, skýrsla og gagna, auk þess að starfa sem norrænn netstjóri með því að skipuleggja ráðstefnur og fundarstaði fyrir miðlun þekkingar.

Í öllum verkefnum okkar eru þverfagleg sjónarmið sjálfbærrar þróunar, kynjajafnréttis og æskulýðsmála tekin upp og við höfum útnefnt stefnu fyrir það.

## Meginreglur okkar um fjármögnun rannsókna

Nordisk Energiforsking eru eina fjármögnunarstofnunin sem leggur fulla áherslu á norrænt orkusamstarf, þetta er okkar helsti styrkur. Við höfum möguleika á að nýta innlend framtaksverkefni og átta okkur á því aukna virði sem í þeim felst. Meginreglur okkar um fjármögnun sameiginlegs samstarfs um orkurannsóknir beinast að **áhrifum, mikilvægi og hreyfanleika**.





ÁHRIF



MIKILVÆGI



HREYFANLEIKI

## Áhrif

Nordisk Energiforsking ættu að vera skref í átt að auknu virði (aunum áhrifum) innlendra framlaga eða framtaksverkefna í norrænu orkusamstarfi.

- Við stefnum að því að byggja á innlendum og norrænum styrkleikum og tryggja um leið skilvirkni og aukin áhrif norræns samstarfs.
- Áköll miða að því að vera gagnsæ, rannsóknarefni tímanlega og á réttu stigi áherslu.

## Mikilvægi

Sameiginlegar norrænar rannsóknir okkar miða að pólitískum eftirspurnar-rannsóknnum sem hafa jákvæð samfélagsleg áhrif (aukið norrænt vægi) á næstu 10-20 árum. Þær ættu að aðstoða við að koma á verðmætakeðjum, byggja á innlendri viðleitni og í þágu hvers lands. Fjármögnun okkar ætti að auðvelda uppbyggingu á þekkingu í rannsóknarsamfélögum **fyrir** iðnaðinn.

## Hreyfanleiki

Hreyfanleiki og tengslanet rannsakennda stuðlar að langtímasamstarfi sem virkjar samvinnu og miðlun þekkingar á öllum Norðurlöndunum. Við auðveldum tengslanet, hreyfanleika og skiptum á teyrum og einstökum rannsakennum því til stuðnings.









Nordisk Energiforskning  
Stensberggata 27  
0170 Ósló  
Noregur

[www.nordicenergy.org](http://www.nordicenergy.org)